

**Nd.**

**164. Frumvarp til laga**

**[129. mál]**

um breyting á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 21 23. mars 1983, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 30. gr. laganna:

- 1) Í stað „27 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 1. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 140 kr.
- 2) Í stað „5 000 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 3. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 25 500 kr.
- 3) Í stað „3 060 kr.“ í 2. másl. 4. tl. C-liðs 1. mgr. komi: 15 600 kr.
- 4) Í stað „660 kr.“ í 2. másl. 3. tl. D-liðs 1. mgr. komi: 3 370 kr.
- 5) Í stað orðanna „25 000 kr.“ og „50 000 kr.“ í 1. másl. 1. mgr. 1. tl. E-liðs 1. mgr. komi orð. 127 500 kr. og 255 000 kr.
- 6) Í stað „100 kr.“ í 1. mgr. 2. tl. E-liðs 1. mgr. komi: 500 kr.
- 7) Í stað „5 500 kr.“ í 3. másl. 2. mgr. komi: 28 000 kr.

2. gr.

Í stað „7 000 kr.“ í 41. gr. laganna komi: 36 000 kr.

3. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 23%, af næstu 170 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 32% en af tekjuskattsstofni yfir 340 000 kr. reiknast 45%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 5% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

4. gr.

1. mgr. 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 29 350 kr.

5. gr.

1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfaranda barnsins. Barnabætur skulu nema 6 000 kr. með fyrsta barni, en 9 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 12 000 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 6 000 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Þúi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

6. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 51% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

7. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 780 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er greiðist 0,95%.

8. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 0,95% af eignarskattsstofni.

9. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr. í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1985.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið miðast við að skattbyrði tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði í heild hin sama af tekjum greiðsluárs á árinu 1984 og á árinu 1983, eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Skattalækkanir þær er ákveðnar voru með bráðabirgðalögum við valdatöku núverandi ríkisstjórnar haldast þannig áfram á næsta ári. Miðað er við að heildarálagning tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds verði hin sama og reiknað er með í fjárlagafrumvarpi.

Miðað við launaforsendur fjárlagafrumvarps er áætlað að meðaltekjur manna hækki um 20% milli árána 1983 og 1984 og er því miðað við að nettóálagning tekjuskatts (að frádregnum nýttum persónuafslætti og barnabótum) hækki nákvæmlega í sama mæli, en um 21% að meðtalinni fjölgun gjaldenda. Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að innheimtur tekjuskattur árið 1984 verði (nettó) 1 885 m. kr. en samsvarandi upphæð 1983 er 1 475 m. kr. Er hér um 28% hækkingu að ræða. Skýringin á þessum mun er sú að vegna minnkandi verðbólgu vega óinnheimtar eftirstöðvar gjalda fyrri ára hlutfallslega meira í heildarinnheimtu.

Hlutfall fyrirframgreiðslu skatta á fyrri hluta næsta árs mun verða lækkað til samræmis við markmið þessa frumvarps.

Meginregla frumvarpsins er sú að upphæðir er fylgja skattvísitölu hækka um 54% frá síðustu álagningu (1983). Er þetta í samræmi við áætlaða hækkun meðaltekna milli árana 1982 og 1983. Þessi hækkun skattvísitölu ein sér nægir þó ekki til þess að ná ofangreindu markmiði um óbreytta skattbyrði. Að vísu mætti hækka skattvísitölu það mikið (eða um 75%) að réttar heildarálagningartölur náist. Í minnkandi verðbólgu er á hinn bóginn ekki eðlilegt að nota skattvísitölubreytingu eina sér í þessu skyni. Mikilvægt er að lækka skatthlutföll. Auk þess er með þessum tillögum stefnt að því að tekjuskattur greiðist fyrst af hærri tekjum en yði með 54% hækkun skattvísitölu og öðru óbreyttu. Með frumvarpinu er stefnt að því að tekjuskattsbyrði hinna tekjulægri verði minni á árinu 1984 en á árinu 1983. Auk hækkunar skattvísitölu um 54% eru því gerðar eftirtaldar meginbreytingar á gildandi skattálagningarkerfi:

1. Skatthlutföll tekjuskatts lækka bæði hjá einstaklingum og félögum.
2. Skattþrep eru lengd umfram skattvísitöluhækkun.
3. Barnabætur hækka því sem næst í hlutfalli við áætlaða tekjuhækkun milli árana 1983 og 1984 (20%). Bætur vegna barna einstæðra foreldra hækka þó meira, um 30%.
4. Persónuafsláttur er lækkaður nokkuð umfram hækkun skattvísitölu og verulega umfram verðlagshækkun milli greiðsluára.
5. Skatthlutfall eignarskatts er lækkað og skattfrjáls eign er hækkuð umfram skattvísitöluhækkun.

Tölulega er gerð tillaga um svofellt skattkerfi (og samanburður sýndur við álagningu 1983):

#### 1. Skattstigi:

Frumvarpið fyrir 1984		Álagning 1983
Af 0—170 þús. kr. skattstofni greiðist .....	23%	0—107 þús. kr. 25%
Af 170—340 þús. kr. skattstofni greiðist .....	32%	ca 107—205 þús. kr. 35%
Af skattstofni yfir 340 þús. kr. greiðist .....	45%	yfir ca 205 þús. kr. 50%
Skatthlutfall af tekjum barna verði .....	5% (var 7%)	
Skatthlutfall félaga verði .....	51% (var 65%)	

2. Persónuafsláttur verði 29 350 krónur (var 18 751 kr. 1983).

#### 3. Barnabætur:

Með 1. barni .....	6 000 kr. (var 4 960 kr.)
Með börnum umfram 1 .....	9 000 kr. (var 7 110 kr.)
Með börnum einstæðra foreldra .....	12 000 kr. (var 9 257 kr.)
Aukabætur vegna barna yngri en 7 ára .....	6 000 kr. (var 5 150 kr.)

4. Skattfrjáls eign einstaklinga verði 780 000 kr. (var 495 900 kr.) og skatthlutfall eignarskatts verði 0,95%, jafnt hjá einstaklingum sem og félögum (var 1,2%).

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins byrja menn (með fastan frádrátt einungis) að borga tekjuskatt við eftirfarandi tekjur á árinu 1983. Ekki er tekið tillit til barnabóta:

	Árstekjur 1983 kr.	Mánaðartekjur 1984 kr.
Einhleypur maður .....	155 600	13 000
Kvæntur maður, maki tekjulaus .....	253 200	21 000
Kvæntur maður, maki greiðir tekjuskatt .....	141 800	11 800

Í samræmi við það sem áður sagði myndi óbreytt skattkerfi, hækkað á hefðbundinn hátt með skattvísitölu (um 54%), leiða til aukningar á skattbyrði gjaldenda á næsta ári og heildarálagning yrði 600 m. kr. hærri en hér er miðað við. Í slíku kerfi yrðu fyrrgreind skattfrelismörk eftirfarandi:

	Árstekjur 1983 kr.	Mánaðartekjur 1984 kr.
Einhleypur maður .....	143 500	14 400
Kvæntur maður, maki tekjulaus .....	235 700	23 600
Kvæntur maður, maki greiðir tekjuskatt .....	128 300	12 800

Skattkerfi það sem hér er gerð tillaga um leiðir til lækkunar skattbyrði vegna tekjuskatts hjá öllum framteljendum sé hún borin saman við þá skattbyrði sem leiða myndi af 54% skattvísitöluhækkun einni saman og óbreyttu skattkerfi að öðru leyti.

Skattbyrði vegna eignarskatts verður óbreytt milli árána 1983 og 1984.

Gert er ráð fyrir að lög um sjúkratryggingagjald verði framlengd og mark gjaldfrjálsra tekna sem var 153 900 kr. við síðustu álagningu hækki í 237 000 kr. eða um 54%.

Þar sem frumvarp þetta kveður ekki beinlínis á um að skattvísitala hækki um 54% milli árána 1983 og 1984 er nauðsynlegt að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga til þess að tryggja að afsláttur til útsvars hækki um þessa prósentu. Þá er og nauðsynlegt að breyta lögum um framkvæmdasjóð aldraðra af sömu ástæðu. Ríkisstjórnin mun leggja fram frumvörp um þessi atriði.

Núgildandi lög veita sveitarfélögum að öðru leyti nægilegt svigrúm til að gera sambærilegar ráðstafanir við ákvæði frumvarps þess. Aðstæður hjá einstökum sveitarfélögum eru þó afar misjafnar og verður það að vera komið undir sveitarstjórnnum á hverjum stað, hvernig þær bregðast við. Ríkisstjórnin mun ekki beita sér fyrir breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sérstaklega vegna þessa.

Í því sem hér fer á eftir tekur skattbyrði til allra tekjuskatta til ríkisins, þ. e. a. s. álagðs tekjuskatts og sjúkratryggingagjalds en að frádregnum þeim ónýtta afslætti sem nýtist til greiðslu annarra gjalda (útsvars og eignarskatts) og að frádregnum barnabótum. Á hinn bóginn er hér hvorki tekið tillit til útsvars né eignarskatts, enda er óljóst hvernig útsvarsálagningu verður háttað á næsta ári. Þá er skattbyrðin (sem fyrr) ávallt metin sem hlutfall þessara álögðu gjalda af tekjum gjaldársins.

Sé slík skattbyrði ársins 1983 borin saman við væntanlega skattbyrði samkvæmt frumvarpinu lækkar hún almennt eða stendur í stað nema hjá hinum tekjuhæstu. Sé miðað við meðaltalsfrádrátt gjaldenda lækkar þannig skattbyrði þeirra hjóna að jafnaði sem hafa lægri tekjur á árinu 1983 en 450 þús. kr. Samsvarandi tala fyrir einhleypinga er u. þ. b. 275 þús. kr. og hvað einstæða foreldra snertir er hún um 290 þús. kr. Skattbyrðin lækkar eða stendur í stað hjá um 75% hjóna, 85% einhleypinga en um 90% einstæðra foreldra. Hjá hinum tekjuhæstu verður nokkur hækkun. Eins og að framan greinir er hér miðað við raunverulega frádráttarliði eins og þeir voru á framtali 1983. Þessar tölur eru nokkuð breytilegar eftir því hve frádráttur er mikill, sé t. d. eingöngu miðað við fastan 10% frádrátt eru tölurnar nokkru lægri.

### 1. Tafla

Flokkun hjóna eftir því hvaða breyting (í %) verður skv. frumvarpinu á skattbyrði (vegna tekjuskatta til ríkisins) á milli álagningar 1983 og 1984. Töflurnar eru byggðar á úrtaki úr skattframtölum ársins 1983.

Tekjur 1983 þús. kr.	Fjöldi hjóna	Fjöldaskipting hjóna eftir breytingu á skattbyrði				
		Lækkar		Stendur í stað	Hækkar	
		meira en 2%	0,5–2%	Breyting undir 0,5% til eða frá	0,5–2%	meira en 2%
0— 100 .....	260	×	×	165	×	×
100— 200 .....	1050	×	565	420	×	×
200— 300 .....	4020	1190	1400	1345	×	×
300— 400 .....	4540	2375	2025	115	×	×
400— 500 .....	6665	340	5975	350		
500— 600 .....	8390	100	2895	5395		
600— 700 .....	8380	×	445	7725	185	
700— 800 .....	6490	×	100	3700	2665	
900—1000 .....	5940		×	1065	4850	
1000— .....	2940	×	×	×	1985	845
Samtals	48675	4125	13490	20350	9800	910

× færri en eitt hundrað

### 2. Tafla

Tekjur 1983 þús. kr.	Fjöldi einhleypinga	Flokkun einhleypa eftir breytingu á skattbyrði				
		Lækkar		Stendur í stað	Hækkar	
		meira en 2%	0,5–2%	Breyting undir 0,5% til eða frá	0,5–2%	meira en 2%
0— 100 .....	13400	100	6245	6950	×	×
100— 200 .....	21660	4655	11495	5490		×
200— 300 .....	14630	860	10925	2820	×	×
300— 400 .....	9040	×	475	6870	1625	×
400— 500 .....	4760	×	×	745	3970	×
500— 600 .....	2050	×		×	1965	×
600— .....	1230				890	340
Samtals	66770	5710	29150	22950	8535	425

### 3. Tafla

Tekjur 1983 þús. kr.	Fjöldi einstæðra foreldra	Flokkun einstæðra foreldra eftir breytingu á skattbyrði				
		Lækkar		Stendur í stað	Hækkar	
		meira en 2%	0,5–2%	Breyting undir 0,5% til eða frá	0,5–2%	meira en 2%
0— 100 .....	665	525	135			
100— 200 .....	1230	1030	200			
200— 300 .....	1680	610	1070			
300— 400 .....	1255		785	470		
400— 500 .....	620		×	375	235	
500— .....	255			×	95	
Samtals	5705	2165	2190	920	330	0

#### Athugasemdir við einstakar greinar.

##### Um 1. gr.

Hér er lagt til að fjárhæðir 30. gr, er snerta frádrátt manna, hækki um sem næst 54% frá því sem var við álagningu 1983. Er það í samræmi við áætlaða tekjuhækkun milli ára 1982 og 1983. Fjárhæðirnar eru þó færðar til heilla tuga eða heilla hundraða króna og er sú tilfærsla gjaldendum í öllum tilvikum til hagsbóta. Sem dæmi má nefna að sjómannafrádráttur var 90 kr. fyrir hvern dag við álagningu 1983. Við 54% hækkun hefði þessi tala orðið kr. 138,60 en í frumvarpinu er lagt til að hún verði færð í sléttar 140 kr. við álagningu 1984. Hið sama á við allar aðrar fjárhæðir í greininni.

##### Um 2. gr.

Lagt er til að hámark þeirra eigna sem heimilt er að gjaldfæra á kaupári hækki um því sem næst 54%.

##### Um 3. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um nýjan tekjuskattsstiga. Um áhrif hans á skattbyrði vísast til almennra athugasemda hér að framan. Auk þess sem þar segir er gerð tillaga um að lækka skatthlutfall barna úr 7% í 5%, en sú lækkun gerir meira en að veða á móti áhrifum lækkandi verðbólgu á raungildi þeirra skattgreiðslna.

##### Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt til að persónuafsláttur hækki úr 18 751 kr. (17 351 + 1 400) á árinu 1983 í 29 350 kr. við skattlagningu á árinu 1984. Er hér um tæplega 57% hækkun að ræða milli ára. Um áhrif þessarar hækkunar á skattbyrði vísast til almennra athugasemda.

##### Um 5. gr.

Hér er gerð tillaga um hækkun barnabóta. Til að þær haldi raungildi sínu sem hlutfall af tekjum milli ára 1983 og 1984 þurfa þær að hækka um 20%. Er lagt til að bætur vegna annarra barna en barna einstæðra foreldra hækki um því sem næst það hlutfall. Barnabætur til einstæðra foreldra hækka hins vegar um 30%.

Um 6. gr.

Lagt er til að tekjuskattshlutfall lögaðila lækki úr 65% í 51%. Til að greiðslubyrði þessara aðila haldist óbreytt í minnkandi verðbólgu þyrfti þetta hlutfall að vera 50,65% og er sú tala í frumvarpinu hækkuð upp í næstu heilu hlutfallstölu. Lækkun á tekjuskattshlutfalli félaga verður meiri en lækkun á hlutföllum í skattstiga einstaklinga vegna þess að hjá einstaklingum kemur hluti skattalækkunarinnar fram með öðrum hætti en skatthlutfalls-lækkun, t. d. með hækkun persónuafsláttar.

Um 7. gr.

Greinin miðar að óbreyttri skattbyrði eignarskatts sem hlutfalli af tekjum greiðsluárs. Skatthlutfall lækkar úr 1,2% í 0,95%. Skattfrelsmörk hækka nokkuð umfram það sem leitt hefði af skattvísitöluhækkun.

Um 8. gr.

Lagt er til að eignarskattshlutfall lögaðila lækki á sama hátt og eignarskattshlutfall manna er hér bera ótakmarkaða skattskyldu.

Um 9. og 10. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.